

## **Samantekt: Flökt á gjaldeyris og hlutabréfamörkuðum**

**Nemandi: Bryndís Ásbjarnardóttir**

**Sérsvið: Fjármálahagfræði**

**Dagsetning: Október 2007**

Fjármálaumhverfi í heiminum hefur breyst á undanförunum árum. Fjármálamarkaðir eru orðnir næmari fyrir alþjóðlegri efnahagsþróun og sökum þessa hefur stöðugleiki á erlendum mörkuðum meiri áhrif en áður á hlutabréfa- og gjaldeyrismarkaði um allan heim.

Þegar stöðutaka vegna vaxtamunar hófst af fullum þunga á Íslandi í ágústlok 2005 má segja að íslenska krónan hafi orðið aukinn hluti af alþjóðlegum eignasöfnum, en það hefur haft áhrif á þróun krónunnar á gjaldeyrismarkaði. Talið er að markaðurinn sé viðkvæmari en áður og viðbrögð fjárfesta kvikari, en það skýrist m.a. af aukinni dýpt á gjaldeyrismarkaði með íslensku krónuna. Hræringar á gjaldeyrismarkaði hafa jafnan endurspeglast að nokkru leyti á hlutabréfamarkaði. Sökum þessa er mikilvægt að rannsaka umfang flöchts á gengi gjaldeyris og hlutabréfaverðs og fylgni á milli þessa tveggja breyta.

Skilyrt flökt á gjaldeyris- og hlutabréfamarkaði var metið með GARCH(1,1)-líkani. Skilyrt fylgni á milli breytanna var metin með líkaninu Kvik skilyrt fylgni margvíðs GARCH(1,1). Líkanið er nýleg og einföld lausn á þeim vanda að fjöldi stika séu of margir í margvíðum líkönum. Fjöldi stika líkansins eru takmarkaðir með því að nýta leifaliði GARCH(1,1)-líkansins til að meta samfylgni breyta. Notað var samfellda ávöxtun gengis íslensku krónunnar og hlutabréfavísitölunnar OMXI15 frá marslok 2001 til septemberbyrjunar 2007. Einnig er farið yfir aðferðafræði og sögu einvíðra og margvíðra GARCH-líkana og hvernig aðferð hámarkssennileika er notuð til að meta stika líkananna.

Fyrsti kaflinn er inngangur. Í öðrum kafla er farið yfir aðferðafræði og sögu GARCH-líkana. Í þriðja kafla er aðferð hámarkssennileika til umfjöllunar. Í fjórða kafla eru gögnin kynnt en í fimmta kafla er farið í mat á líkaninu Kvik skilyrt fylgni sem beitt var í rannsókninni og niðurstöður kynntar.

Niðurstöður sem fengust úr t-dreifða GARCH(1,1)-líkaninu sýna að frá ársbyrjun 2006 hefur skilyrt flökt gengisvísitölunnar verið meira en árin 2002-2006. Einnig hefur skilyrt flökt gengisvísitölunnar og hlutabréfavísitölunnar verið af svipaðri stærðargráðu. Samkvæmt niðurstöðum sem fengust úr Kvik skilyrt fylgni GARCH-líkaninu má álykta að skilyrt fylgni milli gengisvísitölunnar og hlutabréfavísitölunnar sé neikvæðari að jafnaði síðan útgáfa krónubréfanna hófst og íslenski fjármálamarkaðurinn varð opnari fyrir áhrifum af erlendum fjármálamörkuðum.